

Skeiða – og Gnúpverjahreppur

Tillaga að fjárhagsáætlun 2018-2021

Lögð fram til síðari umræðu

06.12.2017

Skeiða – og Gnúpverjahreppur Fjárhagsáætlun 2018

Helstu forsendur áætlunar :

Aðalsjóður- skatttekjur :

Reiknað er með útsvarstekjur nemi 2018 kr 295 mkr auk 34 mkr éfstistöðva frá árinu 2017. Athygli er vakin á að staðgreiðsluáætlun frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga nemur 30 mkr hærrí upphæð. Þar með er talin áætluð 8 % hækkun frá árinu 2017. Ákveðið var að taka þeirri fjárhæð með fyrirvara, þar sem ljóst er að nokkur hópur verkamanna sem starfa við Búrfell 2 muni líklega flytja úr sveitarfélaginu að framkvæmdum loknum. Um Er að ræða nokkra hækkun útsvarstekna frá árinu 2017, ef að líkum lætur. Stuðst er við forsendur frá sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Áætlun um fasteignaskatt er byggð á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati sem gildir fyrir árið 2017 og er áætlað að hann hækki um 6,5 mkr og verði um 193,7 mkr. Ekki er tekið tillit til fasteignaskatta af mannvirkjun virkjunarinnar Búrfell 2, þar sem upplýsingar skortir um væpnatanlegt fasteignamat. En ljóst er að koma mun til tekna af þeirri virkjun á árinu 2018. Líklegt er að þeirra tekna verði getið í viðauka við fjárhagsáætlun næsta árs

Framlög úr Jöfnunarsjóði eru áætluð samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum 71,1 mkr.

Aðalaskjóður- rekstur málaflokka :

Rekstur einstakra málaflokka hefur verið yfirarinn með því að taka út stöðu einstakra málaflokka í lok september 2017 og borið saman við stöðu á sama árstíma á árinu 2016. Leitast er við að námunda líkleg útgjöld til ársloka 2017. Einstakir liðir í fjárhagsáætlun hafa tekið mið af því. Samráð var haft við stjórnendur einstakra rekstrareininga. Reiknað er með að verðlagsbreytingar verði 2,7 %. Er það samkvæmt spá Sambands íslenskra sveitarfélaga en þar er áætlað að almenn hækkun verði með þeim hætti. Í sumum tilvikum er ástæða til að hækkun verði önnur. Nokkur óvissa er um laun sumra stétta.

Þær þjónustutekjur sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fasteignamati og gjaldskrá.

Aðalsjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Gert er ráð fyrir vaxtatekjum af innistæðum og að sama skapi er gert ráð fyrir vaxtagjöldum og verðbólgu af langtímalánum. Áætlað er að verðbólga verði 2,7 % á árinu 2018. Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtatekjur af langtímakröfum aðalsjóðs á

eignasjóð og þjónustustöð og B-hluta stofnanair og færast það sem vaxtagjöld hjá viðkomandi stofnunum.

Önnur atriði :

Gengið er út frá því að afborganir af lána sem sveitarfélagið er greiðandi að verði í samræmi við skilmála þeirra.

Eignasjóður – rekstur :

Þar færast til tekna leigutekjur frá aðalsjóði. Útreikningur er byggður á leigu sem áætluð er fyrir árið 2018 og er hún hækkuð um 2,0 %. Haft var þar samráð við KPMG.

Bein rekstrargjöld svo sem viðhald, fasteignagjöld og tryggingar færast beint til gjalda.

Eignasjóður – fjármunatekjur og fjármagnsgjöld :

Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána.

Eignasjóður : Fjárfestingar og lántökur :

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í eignasjóði að fjárhæð Gatnagerð 102,6 mkr. Að frádregnum gatnagerðargjöldum. Fjallaskálar 1 mkr.

Borun eftir heitu vatni við Þjórsárholt 17,5 mkr.

Samtals er áætlað að fjárfestingar nemi 121.1 mkr.

Fjárfestingaáætlun	2018
Fjárhæðir í þkr	
Gatnagerð	111.900
Gatnagerðargjöld	- 9.300
Gatnagerð nettó	102.600
Borun eftir heitu vatni	17.500
Fjallaskálar	1.000
Fjárfesting samtals	<u>121.100</u>

Gert er ráð fyrir lánsfjárförf 6,1 mkr í áætluninni.

Þjónustustöð- Áhaldahús

Við áætlun þjónustumiðstöðvarinner er miðað við að kostnaði stofnunarinnar sé deilt út á aðra málaflokka og stofnanir, þar sem starfsmaður þjónustumiðstöðvar vinnur að þjónustu við þær. Skammtímaskuld hefur myndast við aðalsjóð, það kemur til vegna þess að ekki hefur öllum kostnaði þar tilkomnum verið deilt út. Huga þarf að ætudeilingu.

B-hluta stofnanir :

Félagslegar íbúðir :

Gert er ráð fyrir hagnaði á rekstri að fjárhæð 0,41 mkr að teknu tillit til framlags frá Aðalsjóði að fjárhæð 1,6 mkr. Sjóðstreymi sýnir að 0,33 mkr vanti til að rekstur standi undir sér. Umsadar afborganir nema 0,4 mkr. Styrkur er veittur úr aðalsjóði til að deildin standi undir skuldbindingum sínum.

Fráveita :

Gert er ráð fyrir taprekstri að fjárhæð 7,2 mkr. Aðalsjóður veitir framlag 1,5 mkr til stuðnings rekstrinum. Afskriftir nema 4,4 mkr Að teknu tilliti til þess vantar 4,2 mkr vanti til að standa undir rekstri og afborgunum. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,2 mkr. Nýtt fráveitukerfi var tekið í notkun fyrir skömmu í Brautarholti. Rekstur deildarinnar verður tekinn til endurskoðunar.

Hitaveita :

Áætlað er að hitaveita skili hagnaði um 0,44 mkr. Það gengur til hækkunar handbærs fjár.

Leiguíbúðir :

Gert er ráð fyrir að rekstur leiguíbúða skili 0,8 mkr afgangi. Eins og áætlun um sjóðstreymi gefur til kynna. Hugmyndir hafa verið um að fjárfesta í leiguíbúðum árinu 2017 en ekki orðið af því.

Fjarskiptafélag Skeiða – og Gnúpverjahrepps :

Félagið starfar undir sér kennitölu. Það hefur verið starfrækt síðan 2012. Gert er ráð fyrir tekjum í félaginu að fjárhæð 7,8 mkr á árinu 2018. Ca 2,0 mkr eru áætlaðar í rekstrarkostnað og ófyrirséð. Að teknu tilliti til fyrninga 4,2 mkr er áætlað bókhaldslegt tap 2,3 mkr. Rekstur fjarskiptafélagsins hefur staðið undir sér síðast liðin ár. Útlit er fyrir að viðskiptavinum félagsins muni fjölga á árinu 2018. Viðræður þess efnis standa yfir. Ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir auknum tekjum á árinu 2018. Em vera má að það verði tilgreint í viðaukum við fjárhagsáætlun.

Vatnsveita :

Gert er ráð fyrir að hagnaður nemi um 1,1 mkr. Umsamdar afborganir langtímalána nema um 1,8 mkr. Framkvæmdir að fjárhæð 12 mkr fóru fram á árinu 2012 og lánaði aðalsjóður fyrir þeim.

Helstu niðurstöður :

Samkvæmt niðurstöðum áætlunar rekstrarreiknings verður tekjuafgangur á samstæðu rektrarins árið 2018 áætlaður 85,5 mkr.

Samkvæmt sjóðstreymi nemur veltufé frá rekstri 113,1 mkr. Sem ganga til afborgana lána og til ráðstöfunar í fjárfestingar. Afskriftir nema 27,2 mkr. Samkvæmt samningum um endurgreiðslu lána er afborgun ársins 2018 áætluð um 5,7 mkr. Áætlað er að handbært fé nemi um 11,1 mkr í árslok 2018. Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 16,3 % á árinu 2018 og fjárfestingahreyfingar verði 17,4 %.

Veltufjárhlutfall er áætlað 0,91 og eiginfjárhlutfall 83 %

Fjárhagsáætlun áráanna 2019- 2021

Skatttekjur, framlög úr jöfnunarsjóði og aðrar tekjur eru áætlaðar þær sömu og 2018. Verði útsvarsprósenta sú sama og verið hefur er áætlað að rekstrarniðurstaða samstæðu verði jákvæð um 82.393 þkr 2019, 85.542 þkr 2020 og 88.387 þkr 2021. Áætlað er að virði eigna muni aukast og muni nema 1.132.995 þkr í lok árs 2021. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 109.323 þkr 2019, 111.604 þkr 2020 og 114.620 2021. Veltufjárhlutfall 2021 er áætlað 4,45 og eiginfjárhlutfall 88 %.

Helstu tölur í áætlun áráanna 2018-2021 eru eftirfarandi í þkr :

	2018	2019	2020	2021
Tekjur	696.113	696.113	696.113	696.113
Gjöld	- 608.224	- 609.401	- 608.616	608.828
Fjarmagnsliðir	- 2.414	-4.319	-1.955	1.101
Rekstrarafgangur	85.475	82.393	85.542	88.387
Eigið fé	737.659	820.052	905.594	993.981